



Sveitarstjórnarfundur 28. september 2026

Mánudaginn 28. september 2026 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 3. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangsnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir og Mikael Rafn L. Steingrímsson.

Finnur Ólafsson, oddviti setti fund kl. 20:00.
Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Hildur Aradóttir leitar afbrigða sbr. lið nr. 13 og 14.
Afbrigði er samþykkt samhljóða.

Dagskrá 3. fundar:

1. Fundargerð 2. sveitarstjórnarfundar 19.08.2026
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Hitaveita norðan Drangsness
5. Erindi til sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps
6. Innviðir á Klúku
7. Viðhald sundlaugarmannvirkis við Gvendarlaug hins góða
8. Umsókn um lóðir í Kaldrananeshreppi
9. Eftirlitsskýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða
10. Áheyrnarfulltrúi í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga
11. Bréf til sveitarfélaga á Vestfjörðum
12. Þjóðarsátt um verðstöðugleika
13. Umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags
14. Skipulagsmál í Kaldrananeshreppi

Fundargerð:

1. **Fundargerð fyrsta sveitarstjórnarfundar 19.08.2026**
Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
2. **Fundargerðir nefnda**
 - a. Fundargerð kjörstjórnar, 28.08.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

- b. Fundargerð kjörstjórnar, 29.08.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

3. Aðrir fundir

- a. Fundargerð 61. fundar velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, 25.08.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.
Skrifstofustjóra falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt samhljóða.
- b. Fundargerð sveitarstjórnar Árneshrepps og Kaldrananeshrepps, 15.09.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- c. Fundargerð aðalfundar Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps, 25.08.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- d. Fundargerð aðalfundar Sorpsamlags Strandasýslu ehf., 31.08.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- e. 1001. stjórnarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga, 28.08.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- f. 1002. stjórnarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga, 11.09.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Hitaveita norðan Drangsnes

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps kannaði áhuga fasteignaeigenda norðan við Drangsnes sumarið 2024, hvort vilji sé að fá hitaveitu í fasteignir sínar frá borholu á Drangsnesi og tekið var vel í erindið.

Sveitarstjórn fékk verkfræðistofu til að gera forkönnun að undirbúningi á hitaveitu norðan við Drangsnes.

Oddvita var falið að afla gagna frá Orkusjóði ásamt því að kanna möguleika að sækja um styrki.

Sveitarstjórn ákveður að boðað verið til fundar með hagsmunaaðilum og sveitarstjórn við fyrsta tækifæri, þar sem farið verði yfir gögn, áætlanir og framhaldið rætt.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

5. Erindi til sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps

Tvö erindi bárust til sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps.

Fyrri erindið varðar forkaupsrétt í Skarðshjalla, Bjarnarfirði.

Seinni erindið varðar umsókn um lóð í landi Mýra.

Erindi lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að nýta ekki forkaupsrétt sinn við kaup á Skarðshjöllum.

Sveitarstjórn tekur vel í seinna erindið og ákveður að skipuleggja fund með viðeigandi aðilum.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

6. Innviðir á Klúku

Oddviti gerir grein fyrir þörf á innviðum við Klúku.

Innviðir á Klúku ræddir.

Sveitarstjórn ákveður að hefja undirbúning að umræddum innviðum ásamt því að gera ráð fyrir framkvæmdinni í fjárhagsáætlun 2027 og að kerfið sé að fullu virkt fyrir júní sama ár.

Oddvita falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

7. Viðhald sundlaugarmannvirkis við Gvendarlaug hins góða

Gerð er grein fyrir viðhaldsþörf sundlaugarmannvirkis við Gvendarlaug hins góða.

Viðhald mannvirkisins rætt.

Sveitarstjórn ákveður að brugðist verði við bráðnauðsynlegu viðhaldi hvað varðar öryggi sundlaugargesta.

Oddvita falið að bregðast við ásamt því að viðhaldsþörf sundlaugarmannvirkis verði vísað til fjárhagsáætlunar 2027.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

8. Umsókn um lóðir í Kaldrananeshreppi

Hreppnum barst þrjár umsóknir þar sem óskað var eftir því að fá leigðar lóðir í sveitarfélaginu.

Óskað var eftir því að fá lóð númer 4 í landi Klúku í Bjarnarfirði og lóðir nr. 4 & 7 á Vitavegi, Drangsnesi.

Sveitarstjórn tekur vel í umsóknirnar og samþykkir að afhenda umbeðnar lóðir með þeim skilyrðum að framkvæmdir yrðu hafnar innan árs ásamt því að stofngjöld vatns- og hitaveitu verða greidd.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

9. Eftirlitsskýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða

Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða lögð fram til kynningar og umræðu þar sem við á.

Komið var í eftirlit í byrjun ágúst þar sem vatnssýni voru tekin úr Sundlauginni á Drangsnesi og farið var yfir klefa, kjallara, líkamsræktaraðstöðu og klórbókhald.

Skýrsla lögð fram til kynningar.

10. Áheyrnarfulltrúi í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Óskað er eftir að Kaldrananeshreppur skipi áheyrnarfulltrúa í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn tilnefnir Hildi Aradóttur sem áheyrnarfulltrúa Kaldrananeshrepps.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

11. Bréf til sveitarfélaga á Vestfjörðum

Lagt er fram bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða er fjallar um lagabreytingar vegna niðurfellingar Heilbrigðiseftirlits.

Bréf lagt fram til kynningar.

12. Þjóðarsátt um verðstöðugleika

Lagt er fram erindi frá Starfsgreinasambandi Íslands vegna þjóðarsáttar um verðstöðugleika.

Í erindinu óskar sambandið eftir skriflegu svari við því hvort sveitarfélagið sé reiðubúið að taka þátt í þjóðarsátt um verðstöðugleika og sjá til þess að gjaldskrár sveitarfélagsins og fyrirtækja í eigu þess hækki ekki um meira en 2,5% það sem eftir lifir gildandi kjarasamninga.

Tekið verður tillit til markmiða verðstöðugleika við gerð fjárhagsáætlunargerðar 2027.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

13. Umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags

Kaldrananeshreppi barst beiðni um niðurgreiðslu á leikskólaplássi í nágrannasveitarfélagi þar sem ekki er komin dagvistun á Drangsnes.

Ísabella víkur af fundi vegna vanhæfis.

Beiðni lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við umsókninni og mun greiða kostnað við leikskólavist í öðru sveitarfélagi þar til starfræktur verður leikskóli í sveitarfélaginu. Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Ísabella mætir aftur á fund.

14. Skipulagsmál í Kaldrananeshreppi

a. Aðalskipulagsbreyting á Skarði - frístundabyggð FS9

Tekin fyrir til afgreiðslu skv. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að breytingu Aðalskipulags Kaldrananeshrepps 2010-2030, sem felur í sér að stækka svæði fyrir frístundabyggð FS9 í landi Skarðs. Tillagan var auglýst frá 5. maí 2026 til 19. júní 2026. Umsagnir umsagnaraðila kölluðu ekki á breytingu frá auglýstri tillögu.

Sveitarstjórn samþykkir aðalskipulagsbreytinguna og sendir Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun hana til staðfestingar.

b. Breyting Aðalskipulags Kaldrananeshrepps 2010-2030 - Stækkun íbúðarsvæðis á Drangsnesi

Tekin fyrir til afgreiðslu skv. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að breytingu Aðalskipulags Kaldrananeshrepps 2010-2030, sem felur í sér að stækka

Íbúðarsvæði á Drangsnesi. Tillagan var auglýst frá 5. Maí 2026 til 19. júní 2026. Umsagnir umsagnaraðila kölluðu ekki á breytingu frá auglýstri tillögu.

Sveitarstjórn samþykkir aðalskipulagsbreytinguna og sendir Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun hana til staðfestingar.

c. Tillaga að deiliskipulagi í landi Skarðs - frístundabyggð

Tekin er fyrir til afgreiðslu fyrir auglýsingu skv 1. mgr 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skarðs. Um er að ræða deiliskipulag frístundabyggðar í samræmi við breytingu aðalskipulags í landi Skarðs sem þegar hefur verið kynnt, sbr. mál. nr. 3 í fundargerð.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Tillögur lagar fram til kynningar.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið klukkan 23:38